

Tillaga

Viðtakandi: Skipulagsnefnd

Efni: Tillaga til Reykjavíkurborgar vegna stofnlagnar

Dags: 22. október 2024

Málsnúmer: 202410446/19.2

Sendandi: Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Forsaga:

Í kjölfar fyrirhugaðrar uppbyggingar að Blikastaðalandi, atvinnu og íbúðasvæði, var hugað nánar að tengingu svæða við nærliggjandi innviði. Þar má nefna stofnlagnir Veitna við Blikastaðaveg í Reykjavík, sem síðar munu verða mikilvægur afhendingarstaður vatns þegar svæðin byggjast upp.

Mosfellsbær, Veitur, FSRE og Reykjavíkurborg hafa átt í samtali um framlengingu lagnar frá Korputorgi, um Ralaland ríkisins, til norðurausturs í átt að atvinnusvæði Korputúns í Mosfellsbæ.


Skipulagsfulltrúi fundaði með starfsmönnum Reykjavíkurborgar og Haraldi Siguðssyni, aðalskipulagsstjóra, í mars 2023 vegna yfirstandandi hönnunar innviða að Korputúni og ákvæða aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Talið var rétt að tengja umfjöllun innviða hönnun Keldnalands. Skipulagsfulltrúi vakti aftur máls á mikilvægi stofnlagnarinnar í póstsamskiptum í mars 2024.

Greinargerð:

Mosfellsbær hefur staðið í innviðahönnun og nú gatnagerð fyrir nýtt atvinnu-, verslunar- og þjónustusvæði að Korputúni við Blikastaðaland og Korpúlfsstaðaveg. Við framkvæmd og framvindu verkefnisins hafa verið skoðaðar ýmsar leiðir vegna innviða, tenginga og afhendingu vatns fyrir hið nýja svæði sem er við sveitarfélagamörk Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Í dag liggur mikilvæg stofnlögn Veitna undir Blikastaðavegi við norðurhlið Korputorgs og endar þar. Vegna uppbyggingar við Korputún verður þörf á að framlengja eina af stofn- og flutningsæðunum Veitna. Þó lögnin sé þess gerð að flytja aukið magn og vera stofnlög inn á aðliggjandi uppbyggingarsvæði skorti að sýna með skýrum hætti framleningarmöguleika hennar í aðalskipulagi Borgarinnar.

Handan sveitarfélagamarka er land í eigu ríkissjóðs Íslands sem enn hefur ekki verið skipulagt. Er það áætlað sem miðsvæði í framhaldi af landnotkun Korputorgs í Reykjavík. Frá Korputorgi um Ralaland og í átt að Blikastöðum og Mosfellsbæ mun vegstæði Borgarlínu liggja. Hafa Mosfellsbær og Veitur, í samtali við FSRE, haft áhuga á að skilgreina lagnastæði, fyrir mikilvæga stofnlögn, meðfram þeim stað sem lega Borgarlínu er fyrirhuguð. Þannig megi festa í sessi fyrirhugaða innviði. Áætlun er í aðalskipulagi að raska landinu sem lögnin mun fara um. Við langingu umræddrar stofnlagnar var áætlað, vegna stærðar hennar, að hún myndi tengjast til Mosfellsbæjar um áætlað vegstæði tengivegar í aðalskipulagi beggja sveitarfélaga. Í dag liggur hún undir Blikastaðavegi við norðurhlið Korputorgs og endar þar.

Lengja þarf lagnastæði og skilgreina í aðalskipulagi, eins og rauða línán sýnir:



Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 stendur á bls. 118: „Breytingar frá þeim stofn- og dreifikerfum sem sýnd eru á umræddum myndum kalla á aðalskipulagbreytingu.“ Í viðauka 10 er fjallað um hlutverk Veitna fyrir Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesbæ og Álftanes auk mikilvægi uppbyggingar dreifikerfis samhliða uppbyggingu atvinnusvæða. Framlenging felur ekki í sér efnislega breytingu á markmiðum aðalskipulagsins í kafla um „Veitur og helgunarsvæði“. Uppfærsla byggir á skýringarmynd í greinargerð aðalskipulagsins þar sem ekki er sýnd framtíðartenging líkt og eðli og gerð lagna í jörðu við Korputorg gera ráð fyrir.

Tillaga:

Samhliða fyrirhugaðri uppfærslu og breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, vegna Keldna og nágrennis, verði gerð breyting á umfjöllun, skýringarmynd og korti aðalskipulags vegna veitunnviða. Um er að ræða breytingu á mynd 16c, bls. 120, „Vatnsveita á vegum Orkuveitu Reykjavíkur.“

Virðingarfyllt,
Kristinn Pálsson